



STARFSEMI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS Á ÁRINU 2016

Birta lífeyrissjóður tók formlega til starfa 1. desember 2016 í kjölfar þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfesti sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs að fengnu álitni Fjármálaeftirlitsins. Sameiningin miðast við stöðu sjóðanna 1. janúar 2016.

HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

EFNAHAGSREIKNINGUR	í milljónum kr.	
	2016	2015
Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	129.274	133.362
Skuldabréf	179.166	166.197
Bundnar bankainnstæður	4.589	4.706
Aðrar fjárfestingar	372	754
Kröfur	1.840	1.587
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	5.771	9.545
Skuldir	-859	-2.406
Hrein eign til greiðslu lífeyris	320.152	313.745

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN	í milljónum kr.	
	2016	2015
Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeildar		
Iðgjöld	13.476	11.426
Lífeyrisgreiðslur	-9.323	-8.867
Fjárfestingartekjur	3.329	30.932
Fjárfestingargjöld	-313	-604
Rekstrarkostnaður	-689	-646
Sameiningarkostnaður	-73	
Hækkun á hreinni eign á árinu	6.407	32.242
Hrein eign frá fyrra ári	313.745	281.503
Hrein eign til greiðslu lífeyris	320.152	313.745

KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR	2016	2015
Nafnávöxtun	0,6%	10,6%
Hrein raunávöxtun	-1,5%	8,5%
Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal	5,3%	6,1%
Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal	0,5%	
Eign umfram heildarskuldbindingar	-4,1%	0,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	15.927	14.808
Fjöldi lífeyrisþega	12.058	11.797
Fjöldi stöðugilda	30,5	29,9

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Við sameiningu sjóðanna þurfti að gera breytingar á réttindum sjóðfélaga til að eignir og skuldbindingar Birtu lífeyrissjóðs yrðu jafnar. Réttindi sjóðfélaga í Stöfum voru aukin um 1,8% en réttindi sjóðfélaga í Sameinaða lækkuð um 1,1% til þess að tryggingafræðileg staða Birtu yrði 0,0% í upphafi árs 2016. Í lok árs 2016 var tryggingafræðileg staða -4,1%. Stjórn sjóðsins hyggst ekki leggja fram tillögu til réttindabreytinga á komandi ársfundi.

SÉREIGNARDEILD

Hrein eign séreignardeildar var 12,7 milljarðar króna í árslok 2016 og jókst um tæplega 584 milljónir króna frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 556 milljónir króna á árinu. Raunávöxtun séreignar á árinu 2016 var frá -4,2% til 5,8%. Hæst var ávöxtun þeirra sparnaðarleiða sem innihéldu hátt hlutfall innlendra skuldabréfa en lægst hjá þeim leiðum sem innihéldu hátt hlutfall erlendra verðbréfa. Ítarlegri upplýsingar um ávöxtun sparnaðarleiða eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins, birta.is.

Stjórn sjóðsins:

Þorbjörn Guðmundsson	Jón Bjarni Gunnarsson
<i>formaður</i>	<i>varaformaður</i>
Davíð Hafsteinsson	Drífa Sigurðardóttir
Guðrún Jónsdóttir	Gylfi Ingvarsson
Ingibjörg Ólafsdóttir	Jakob Tryggvason
Unnur María Rafnsdóttir	Viðar Örn Traustason

Framkvæmdastjóri: Ólafur Sigurðsson

Ársfundur 2017

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn þriðjudaginn 9. maí nk. kl. 17.00 í Silfurbergi í Hörpu, Reykjavík.

Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.